

Ársfundur Austurbrúar ses. 2023
haldinn í Valaskjálfi á Egilsstöðum
3. maí kl. 11:15

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð gesti velkomna. Lagði hún til að **Björn Ingimarsson** yrði fundarstjóri og **Óðinn Gunnar Óðinsson** fundarritari og var það samþykkt.

Fundastjóri tók við stjórn fundarins. Fór hann yfir að alls voru 12 atkvæðisbærir fulltrúar. Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag fundarins, þ.e. að þetta væri opinn fundur en ákveðnir aðilar hefðu atkvæðisrétt. Fundurinn var boðaður með sérstöku bréfi til stofnaðila, á vef Austurbrúar auk þess sem auglýsing var birt á Facebook og fleiri stöðum. Fundurinn telst löglega boðaður og voru ekki gerðar athugasemdir við boðun hans. Fundurinn fer eftir dagskrá skv. 7. gr. skipulagsskrár Austurbrúar. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan. Að þessu gerðu var gengið til dagskrár.

1) Skýrsla stjórnar

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður stjórnar Austurbrúar, kynnti skýrslu stjórnar. Nánari upplýsingar um starfsemi Austurbrúar á árinu 2022 er einnig hægt að sjá í rafrænu ársriti Austurbrúar á www.austurbru.is

Berglind talaði um að síðastliðið ár hefði verið viðburðaríkt og að núverandi stjórn hefði tekið við góðu búi frá fyrri stjórn. Hún sagði að Austurbrú væri öflug stofnun sem litið væri til.

Hún kom inn á að unnið hefði verið að fjölmörgum verkefnum undanfarið og nefndi sérstaklega að Svæðisskipulag Austurlands hefði verið staðfest af Skipulagsstofnun í september 2022. Hún kom inn á að áfram þurfi að vinna að eflingu Austurlands og hefðu þar allir hlutverki að gegna, sveitarfélög, ríkisvaldið og aðrir hagaðilar. Hún lagði áherslu á að með svæðisskipulaginu væri komið verkfæri sem unnið yrði eftir. Hún nefndi að stefna í samgöngumálum væri skýr í svæðisskipulaginu og lagði áherslu á að unnið væri samkvæmt áherslum sem þar kæmu fram. Að lokum kynnti Berglind myndband um Austurland sem unnið hafði verið að af Austurbrú.

Enginn kvaddi sér hljóðs um skýrslu stjórnar.

2) Afgreiðsla ársreikninga

Jóna Árný framkvæmdastjóri kynnti ársreikning Austurbrúar. KPMG sinnir endurskoðun Austurbrúar og er áritun KPMG fyrirvaralaus.

Rekstrarniðurstaða var jákvæð um rúmar 5,5 milljónir króna, eigið fé er jákvætt um tæpar 85 milljónir króna. Handbært fé er um 207 milljónir króna og eignir um samtals um 254 milljónir króna.

Að öðru leyti lá reikningurinn fyrir til umræðu og samþykktar eftir atvikum.

Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Framlög		185.951.147	188.941.962
Aðrar tekjur	10	418.554.664	366.752.654
		<u>604.505.811</u>	<u>555.694.616</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	335.089.753	299.709.967
Annar rekstrarkostnaður		261.977.484	240.085.419
Afskriftir	12	3.771.076	4.336.750
		<u>600.838.313</u>	<u>544.132.136</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		3.667.498	11.562.480
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		2.597.091	974.760
Vaxtagjöld		(591.620)	(467.612)
		<u>2.005.471</u>	<u>507.148</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	15	<u>5.672.969</u>	<u>12.069.628</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	7.865.792	10.360.698
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	13	1.040.000	340.000
Fastafjármunir		8.905.792	10.700.698
Viðskiptakröfur	14	26.080.998	13.323.380
Aðrar skammtímaskröfur		12.211.428	15.227.962
Handbært fé	7	207.228.480	166.509.838
Veltufjármunir		245.520.906	195.061.180
Eignir samtals		254.426.698	205.761.878
Eigið fé			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Óráðstafað eigið fé		83.102.562	77.429.593
Eigið fé	15	84.702.562	79.029.593
Skuldir			
Skuldbinding vegna vaxtasamnings Austurlands		0	3.903.095
Langtímaskuldir		0	3.903.095
Viðskiptaskuldir		38.884.625	50.346.350
Fyrirframmheimtar tekjur	8	80.694.878	33.516.132
Aðrar skammtímaskuldir		50.144.633	38.966.708
Skammtímaskuldir		169.724.136	122.829.190
Skuldir samtals		169.724.136	126.732.285
Eigið fé og skuldir samtals		254.426.698	205.761.878

Sjóðstreymisýfirlit árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	15	5.672.969	12.069.628
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		0	(592.000)
Afskriftir	12	3.771.076	4.336.750
Vaxtasamningur, breyting		(3.903.095)	0
Veltufé frá rekstri		5.540.950	15.814.378
 Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun		(9.741.084)	(906.049)
Skammtímaskuldir, hækkun		46.894.946	2.508.120
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		37.153.862	1.602.071
Handbært fé frá rekstri		42.694.812	17.416.449
 Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	12	(1.276.170)	(9.332.726)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	1.200.000
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(700.000)	0
Fjárfestingarhreyfingar		(1.976.170)	(8.132.726)
 Hækkun á handbæru fé		40.718.642	9.283.723
Handbært fé í ársbyrjun		166.509.838	157.226.115
Handbært fé í árslok		207.228.480	166.509.838

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um ársreikning. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þá lagði fundarstjóri ársreikninginn fram til afgreiðslu og var hann samþykktur samhljóða.

3) Fjárhags og starfsáætlun kynnt

Jóna Árný Þórðardóttir fór yfir fjárhags- og starfsáætlun ársins 2023.

Nefndi nokkur verkefni, s.s. fræðslumálin sem væru stór hluti af verkefnum Austurbrúar, ýmis greiningar- og rannsóknaverkefni, t.d. um áhrif flóða á samfélög og seiglu þeirra. Einnig kom hún inn á helstu verkefni SSA, s.s. sóknaráætlunina og svæðisskipulagið og fjölda verkefna þar undir. Hún bentu á nýja heimasíðu um Svæðisskipulag Austurlands sem ætlað er að hjálpa til að við að sýna hvað ólíkir aðilar eru að vinna að á svæðinu. Hún hvatti alla samstarfsaðila við að koma þessari síðu í umræðuna og vinna að því að hún gagnist öllum. Hún fór að lokum yfir fjárhagsáætlun þessa árs.

Fyrir fundinum liggja engar breytingar á skipulagsskrá né breytingar á innri reglum og falla þeir liðir samkvæmt samþykktum því niður.

Eftirfarandi liðir falla niður þar sem þeir eiga ekki við:

4) Breytingar á skipulagsskrá

5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses.

6) Kosningar

A. Kjör endurskoðanda

Framkvæmdastjóri fór yfir að stjórn Austurbrúar samþykkti á fundi 28.04.2023 að KPMG verði kjörin sem endurskoðandi Austurbrúar ses fyrir árið 2023.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

B. Kjör starfsháttarnefndar

Formaður starfsháttarnefndar, Skúli Björn Gunnarsson, lagði fram tillögu um að fulltrúar í starfsháttarnefnd Austurbrúar ses. verði:

Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar
Sigríður Bragadóttir fyrrverandi oddviti Vopnafjarðarhrepps
Gunnar Jónsson, bæjarritari Fjarðabyggð.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

C. Kjör siðanefndar

Formaður starfsháttanefndar lagði fram tillögu um að fulltrúar í siðanefnd Austurbrúar ses verði:

Fríða Thoroddsen, lögfræðingur, búsett á Egilsstöðum
Þórður Vilberg Guðmundsson sagnfræðingur, búsettur á Reyðarfirði
Þuríður Björg Wium Árnadóttir, guðfræðingur, búsett í Vopnafirði

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

7) Ákvörðun um þóknun stjórnar og fagráðs

Skúli Björn Gunnarsson kynnti svohljóðandi tillögu er samþykkt var af starfsháttarnefnd 18. apríl 2023:

Starfsháttarnefnd Austurbrúar leggur til að þóknun stjórnar fyrir setna fundi verði í samræmi við það skipulag sem samþykkt var á haustþingi SSA 2020.

Grunnviðmið fyrir laun stjórnar er þingfararkaup eins og það var í október 2020 og tekur það síðan breytingum í janúar ár hvert í samræmi við hlutfallslega breytingu á samningum FOSA við launanefnd sveitarfélaga. Laun fyrir setu í stjórn Austurbrúar eru því greiddar 45.808 kr. en jafnframt tekur Austurbrú þátt í mánaðarlaunum formanns sem nemur jafnhárri fjárhæð. Fyrir setu í fagráði er greitt 19.632 kr. fyrir hvern setinn fund.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.

8) Önnur mál

Fundarstjóri bauð upp á umræðu um önnur mál. Enginn kvaddi sér hljóðs undir liðnum önnur mál.

Jóna Árný minnti á málþing sem haldið verður eftir hádegið um fjárfestingar í ferðaþjónustu. Hún þakkaði jafnframt fyrir lærdómsríkan og skemmtilegan tíma sem framkvæmdastjóri Austurbrúar undanfarin ár, en hún er nú að halda á nýjan starfsvettvang.

Bauð fundarstjóri formanni að taka við og slíta fundi.

Formaður þakkaði Jónu Árnýju fyrir góð störf undanfarin ár og kom inn á að hún hefði skilað afar góðu verki í störfum sínum. Var henni óskað velfarnaðar í nýju starfi.

Að lokum sleit formaður fundi og bauð til hádegisverðar í hliðarsalnum.

Fundi var slitið kl. 12:00